

SKUGGALJÓÐ

KRISTIAN GUTTESEN

SKUGGALJÓÐ

WALES
1998



ÓÐUR LJÓÐDREKANNA

Skuggaljóð

Endurskoðuð útgáfa

Öll réttindi áskilin

Dreifing: Deus – Reykjavík – 2003

deus@internet.is – kguttesen@hotmail.com

1. útgáfa 1998

2. útgáfa 2003

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

© Kristian Guttesen

SKIPBROT

ég sigldi inn
á úthaf eigin sorga
strandaði á eyðieyju
þar sem von mín og
hughreysting mættust

í fallandi sól

TRÉN OFAR SKÝJUM

trén ofar skýjum
teygja sig hærra

og vindurinn hlýrri
er haustar á ný

varlega lýtur
laufunum förnum

undir laufunum skáldið
finnur sitt ljóð

EILÍFA NÓTTIN

eilífa nóttin þekur
dimmglóð farinna daga

á svip þess liðna
dofna augnanna blik

um skóga myrkursins
liggur sólarinnar slóð

inn svarthol víðáttunnar
þangað vil ég fara

TANKA

á sumarkvöldi
umvafði himinninn þig
gullrauðri slæðu

skýin höfðu fundið sér
náttstað í sólsetrinu

LITRÓF

gult einsog sólblóm
er loforð elskhuga
sem kysst hefur bless

rautt meðan kvöldið
brennur á drúpandi
himni úr vestri

grænt því að máninn
lýsir sínu fegursta
í síungri nóttinni

blátt þegar stjörnurnar
hverfa á vit morgnanna
handan við sæinn

MÆÐRAVÍSA

kvölda tekur
skipin skríða
skjótt hjá tíminn rennur

mundu ætíð
barnið blíða
að bursta þínar tennur

ÓÐUR LJÓÐDREKANA

á bláskeyttum
næturhimni falla
stjörnur í dropatali
um sjónarsvið vort
sem aldir á ævi

straumfall tímans
ómar í kyrrðinni
líkt og elding er
snart vatnsborðið
eina forna nótt

ELEGÍA

FERLI Í HJARTANS VEÐRI

I

myrkrið er á meðal
og staðfastur tíminn
þar sem við dveljum

ljósið í dögum
hið fyrsta gullkorn
máttugra en tómið

sem tígulrauð skíma
í gylltum augum
þessa vetrarlands

líða náttfallnir
dagar burt fyrir
andliti þínu

yfir auðnina gnæfa
tvær sólar

II

fyrir þig sem aldrei
kveiktir líf hafa sofandi
vötnin borið sín vopn

í andrá sekkur minning
og dimmunar förunautur
er vindurinn sem deyr

fyrir blásorg hinna
fjarrænu daga fangaði
neindin þína sól

í sjóndrá líður ævi
og birtan sem lifir
er spegilmynd þín

III

svo hljótt var í morgun þótt
sólin stigi þungt niður fjöllin
á vitiborna moldina – ég vissi
að hér hafði engill farið hjá

Á MILLI HAFS OG HIMINS

hafið
grænna í hugans skini
himinninn fjarri og okkar
á milli í öllu sem er

snerting
engin og ekkert sem lifir
ég veit að nóttin á
þúsund fylgsni í þér

landið
mynd sem geymir árför
og aldrei mun kveðast
niður af logum hafsins er

sálin
holdgast bakvið sól og myrkur
þar sem hið mikla djúp
allar gjörðir veit og sér

LAMENT

I

frá jökli tímans
rennur lækur um
hálendi gærdagsins

er deyjandi stundir
skima um víðbláinn
og vatnið rennur

skulu tárin stríðu
falla í tóm þeirra
er aldrei kvöddu

nóttin boðar þeim
hina eilífu kyrrð
sinum hinsta svefni

með straumnum berst
nýr morgunn

II

frá jökli tímans og landslagi þess liðna
svo veröld þessi megi finna sinn grafstað
hafa teikn mín og hugskot lýst hvern morgun

það illa afl sem í skýjunum býr er hulið
þokan sem ríkir beisk á náttúrunnar hlíð
þar sem aldrei finnst líf mun ég sofa

og heimsins minni fyrnist yfir með sólu
sjá, ég er postuli á leið um ókunnar slóðir
að eilífðarstíg um musteri þess myrka

og þursar mér vísa til vega

III

vatnið litast
í aldanna augum
árstíðirnar bjóða
regndropum inn

frostrósirnar er
myndast hafa um nótt
hverfa inn farveg
minninganna

með straumnum berst
nýr morgunn

OG MINNINGAR MUNU STREYMA

og minningar munu streyma
sem jökulá niður tilverunnar
föla vanga um síðhaust

dagar með augunum líða
um íslendi hugans kyrrlátt
sem kvöldmánaskinið

er mín angist teygir sig
í skuggans hendur og nóttin
sönglar dauðtóna ljóð

ELEGÍA

dagarnir fylgja þér djúpið inn
eilífðin vaknar í vitund kuldans

auðnin mér lofar líðandi sorg
myrkrið umlukið förnum fjöllum

sofandi vorlöndin varða tímann
aldirnar slökkna og eftir verður

ekkert sólsetur, aðeins þögn

RIMMA

EITT ANDARTAK

fingurnir skildu eftir
létt för á vanganum

heiftug ummerki þjófs

HVER GETUR ORT UM VINDINN

hver getur ort um vindinn
sem vökunóttinni heilsar
ef allir lífsins draumar
dylja mér nýjan morgun

veit ég og hvar í fjarska
fuglanna söngur ómar
undir háloftanna dölum
deyja blikin aldrei

hver getur ort um vindinn
og vængi skírra náttu
sem í gulri dimmu kasta
kveðju inn um gluggann

er máninn strýkur vanga
stúlkunnar sem ég unni

NÓTT

ljósin blika
blika ó skær
borgin hefur þig
yfirbugað loks
lætur eftir þér
leiftrandi mynd

á horfnum himni

LÍFFÖR

ég get látið stjörnurnar skína
með einni hugsun
á dimmbreiðu hafsins sem
umlykur himinröndina

sefað vindinn grimman sem
herjar seint um daganna völ
og elur vetrarins kul

látið sólina sökkva
þegar ásjóna heimsins
virðist fanga hinstu ölduna
áður en nótt vegur dag

rúnirnar er ég hef rist
á veggjum fortíðarinnar munu
varðveita hina svarrauðu ró

LOFMÉR

lof mér nú svo launist mér
að létta af mínu hjarta
í huga syndir sól um sker
og sumardaga bjarta

vetrarnóttin ný og grim
nalgast mig og starir
augun þungum dómi dimm
sjá dauðann fyrr en varir

lof mér falla í faðminn þinn
ég falur verð um óttu
langsum skuggi læðist inn
lífdauð för að nóttu

vindar engir allt er hljótt
aftans kuldastrangur
viltu með mér vaka í nótt
vertu aðeins lengur

SKUGGALJÓÐ

skugginn sem af mér stafar
er eins og morgunskíma
í þessu angandi myrkri

og svif hins tvíkynja forms
trónir í mér sem engill
logar á grænum sandi

skugginn sem lífið gefur
er undan eirðarfjalli
djöfull í leit að fæði

og dimman í minni ævitíð
veit hvar forsjónin grætur
líkt og trén dansa í nóttinni